

## 4. febrúar 2025

*Mættir: Trostan, Birgitta, Íris Olga, Sólrún, Sírý Sif, Friðrik Logi, Birna, Halldór og Kristvina sem ritaði fundargerð. Gunnar boðaði forföll.*

### Dagskrá fundar:

1. Þróunarmál í skólastarfi, m.a. hagnýting gervigreindar. Reifaðir voru þeir möguleikar sem gervigreind getur fært fólki til þess að einfalda daglegt skipulag. Fjallað um verkefni sem gervigreind getur lokið á afar skömmum tíma, t.d. bréfitun, skipulag, kennsluáætlanir og fleira. Bent á að þetta sé viðbót við okkar daglega líf og að allir þurfi líklega að læra að nota þetta tæki í störfum sínum. Þá var og fjallað um umhverfisáhrif gervigreindar sem eru nokkur.

2. Önnur mál. Frigg, nemendagrunnur í vinnslu hjá mms sem á að vera tilbúinn í haust. <https://frigg.midstodmenntunar.is/>

Stuttlega sagt frá kerfinu sem á að vera til þess að skýra yfirsýn hins opinbera sem og foreldra. Þar verður m.a. samantekt á öllum umsóknum um skólavist, leyfi eða breytingar á daglegu skipulagi. Þá verður þar einnig safnað saman öðrum gögnum um skólagöngu, svo sem um árangur í samræmdum matsprófum í íslensku og stærðfræði.

Var þessu kerfi fagnað og talið að það yrði mjög til bóta.

Fleira var ekki tekið fyrir og ráðgert að funda aftur á sama tíma þann 4.mars.